

7

21. jan.

AUGLÝSING

um samning milli Íslands, Danmerkur, Noregs og Svíþjóðar um flutning milli sjúkrasamlaga og um sjúkrahjálp vegna dvalar um stundarsakir.

Hinn 19. desember 1956 var undirritaður í Kaupmannahöfn samningur milli Íslands, Danmerkur, Noregs og Svíþjóðar um flutning milli sjúkrasamlaga og um sjúkrahjálp vegna dvalar um stundarsakir. Samkvæmt ákvæðum 14. gr. samningsins gengur hann í gildi 1. janúar 1957 og er birtur hér sem fylgiskjal.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt

Utanríkisráðuneytið, 21. janúar 1957.

Guðmundur Í. Guðmundsson.

Henrik Sv. Björnsson.

Fylgiskjal.

Samningur milli Íslands, Danmerkur, Noregs og Svíþjóðar um flutning milli sjúkrasamlaga og um sjúkrahjálp vegna dvalar um stundarsakir.

Ríkisstjórnir Íslands, Danmerkur, Noregs og Svíþjóðar, sem hafa gerzt aðilar að samningnum frá 15. september 1955 milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar um félagslegt öryggi, hafa samkvæmt 7. og 8. grein þess samnings ákveðið að gera eftirfarandi samning:

I. KAFLI

Sjúkrasamlög, er samningurinn tekur til.

1. gr.

Samningur þessi tekur,

að því er *Ísland* varðar, til allra sjúkrasamlaga,

að því er *Danmörku* varðar, til viðurkenndra sjúkrasamlaga, sem eru í sambandi sjúkrasamlaga í Danmörku („De samvirkende Centralforeninger af sygekasser i Danmark“) og framhaldssjúkrasamlaga undir ríkiseftirliti, sem eru í sambandi framhaldssjúkrasamlaga í Danmörku („De samvirkende statskontrollerede fortsættelsesygekasser i Danmark“) og Sjúkrasamlags starfsmanna ríkisjárnbrautanna („Statsbanepersonalets Sygekasse“),

að því er *Noreg* varðar, til tryggingasamlaganna („trygdekassene“) og hinna viðurkenndu sjúkrasamlaga („de godkjente sykekassene“) og,

að því er *Svíþjóð* varðar, til allra almennra sjúkrasamlaga („allmänna sjuk-kassor“).

II. KAFLI

Flutningur tryggðra manna.

2. gr.

Þeir, sem tryggðir eru sem meðlimir eða fjölskyldumeðlimir í sjúkrasamlögum, sem greinir í 1. gr., hafa rétt til flutnings, samkvæmt ákvæðum þessa kafla.

Þeir, sem flytjast, verða tryggðir sem meðlimir eða fjölskyldumeðlimir í samræmi við reglur þess lands, sem flutzt er til.

3. gr.

7

Til þess að flutningur geti farið fram, þarf eftirfarandi skilyrðum að vera fullnægt: 21. jan.

1. Hinn sjúkratryggði verður að hafa sleppt búsetu í landinu, sem hann flyzt frá, og búsett sig í landinu, sem hann flyzt til. Þetta ákvæði skal þó ekki hamla flutningi námsmanna, sem ætla að dveljast í hinu landinu vegna náms í meira en 3 mánuði samfleytt.
2. Hinn tryggði verður að hafa fullnægt skyldum sínum við samlagið eða samlögin, sem hann á að flytjast frá.
3. Hinn tryggði verður að hafa gefið sig fram við sjúkrasamlag á þeim stað, sem hann flyzt til, innan tveggja mánaða frá því er hann búsetti sig í landinu, sem flutt er til og afhent samlaginu flutningsvottorð, útgefið af samlaginu, sem hann á að flytjast frá.

Tryggður maður getur ekki krafizt flutnings, þegar hann hefur flutzt búferlum í þeim tilgangi að leita sjúkrahjálpar í hinu landinu.

Hafi sá, sem flutning tilkynnir, ekki flutningsvottorð meðferðis, skal veita honum hæfilegan frest til að afla slíks vottorðs

Gerð flutningsvottorðsins ákveður, að því er *Ísland* snertir, Tryggingaráð, að því er *Danmörku* snertir, „Sygekassenævnet“, að því er *Noreg* snertir, „Rikstrygdeverket“, og að því er *Svíþjóð* snertir, „Riksförsäkringsanstalten“, með samráðum sín á milli.

4. gr.

1. Flutningur til sjúkrasamlags í því landi, sem flutzt er til, telst eiga sér stað á þeirri stund, er hinn sjúkratryggði búsetur sig í landinu. Sé búsetan í beinu sambandi við komuna til landsins, telst hún hefjast á komudegi.
2. Hafi hinn tryggði ekki gefið sig fram við samlag á staðnum, sem hann hefur flutzt til, innan þriggja vikna frá því er hann tók sér bólfestu þar, á hann ekki rétt á sjúkrahjálpar fyrir tímabili áður en hann gefur sig fram.
3. Tryggður maður, sem er veikur þegar hann flyzt og á rétt á sjúkrahjálpar, hefur á yfirstandandi veikindatímabili rétt til að njóta áfram slíkrar hjálpar eftir reglum þess sjúkrasamlags, er hann flyzt til.
4. Flutningur fer að öðru leyti fram, eftir því sem við verður komið, samkvæmt reglum þeim um flutning milli sjúkrasamlaga, sem gilda í því landi, sem hinn tryggði flyzt til.

III. KAFLI

Sjúkrahjálpar vegna dvalar um stundarsakir.

5. gr.

Verði maður, sem sjúkratryggður er í samlagi, sem um ræðir í 1. gr., skyndilega veikur og þarfnist læknishjálpar eða sjúkrahúsvistar, er hann dvelst um stundarsakir eða er á ferð í einhverju hinna landanna, er sjúkrasamlagi á þeim stað, þar sem sjúkrahjálparin er látin í té, skylt að veita sjúkrahjálpar í samræmi við eftirfarandi reglur.

Slík skylda hvílir og, sem undantekning, á öðru samlagi, ef hinn tryggði getur sýnt fram á, að veigamiklar ástæður hafi verið til þess, að hann sneri sér til þess samlags í stað samlags, sem greinir í fyrstu málgrein.

6. gr.

Almenn skilyrði fyrir að fá sjúkrahjálpar, auk þeirra, sem nefnd eru í 5. gr., eru þessi.

1. Hinn tryggði skal svo fljótt, sem verða má, og í síðasta lagi 14 dögum eftir að

- 7
21. jan. hann leitaði læknis eða lagðist í sjúkrahús, tilkynna veikindin til sjúkrasamlags, sem nefnt er í 5. gr. Síðari tilkynningu má þó taka gilda, ef sýnt er fram á, að hinum tryggða hafi ekki verið unnt að tilkynna fyrir.
2. Hinn tryggði skal staðfesta, í hvaða sjúkrasamlagi hann sé tryggður, með samlagsbók, öðru tryggingarskírteini, eða, sé þess ekki kostur, með skriflegri drengskaparyfirlýsingu. Að því er varðar börn, sem sjúkratryggð eru í landi, sem samningurinn tekur til, skal þessa þó aðeins krafizt, að svo miklu leyti, sem hlutaðeigandi sjúkrasamslag telur þurfa
 3. Hafi hinn tryggði sjálfur lagt út kostnaðinn við sjúkrahjálpinu, skal hann senda samlaginu, sem tilkynnt hefur verið um veikindin, kvittaðan reikning, áður en hann hverfur úr landi, ef unnt er, og aldrei síðar en sex vikum eftir að hann hefur greitt reikninginn.

7. gr.

Sjúkrahjálpar eftir þessum kafla skal veitt eftir þeim reglum, sem gilda í hlutaðeigandi sjúkrasamlagi, nema öðruvísi sé ákveðið í samningi þessum. Sjúkrahjálpin tekur ekki til sjúkradagpeninga eða tilsvarendi bótategunda.

Sjúkrahjálpar er ekki veitt lengur en þar til ástand hins tryggða leyfir ferð til þess lands, þar sem hann er tryggður. Ekki skal þó neita um sjúkrahjálpar, þegar ekki virðist eðlilegt, með tilliti til allra aðstæðna, að vísa hinum tryggða til sjúkrahjálpar í því landi, þar sem hann er tryggður.

Sjúkrahúsvist eða endurgreiðsla kostnaðar við sjúkrahúsvist skal veitt án tilfyllis til fyrri sjúkrahjálpar.

Enginn biðtími gildir varðandi sjúkrahjálpar eftir þessum kafla.

8. gr.

1. Vegna slysa, sem orðið hafa við vinnu, skal sjúkrahjálpar aðeins veitt að því leyti, sem bótaréttur er ekki fyrir hendi, samkvæmt lögboðinni slysatryggingu.

2. Sjúkrahjálpar skal ekki veitt sjómanni, sem tryggð er sjúkrahjálpar samkvæmt gjaldandi sjómannaalögum, þegar hjálparinnar verður þörf.

9. gr.

Eigi hinn sjúkratryggði vegna sjúkdóms rétt á bótum frá tjónvaldi, er honum skylt, ef samlagið óskar þess, að framselja því skaðabótakröfu sína, allt að þeirri upphæð, sem samlagið greiðir vegna sjúkdómsins.

10. gr.

Sjúkrasamslag, sem veitt hefur sjúkrahjálpar, samkvæmt þessum kafla, á ekki rétt á endurgreiðslu hennar frá því samlagi, þar sem hlutaðeigandi er tryggður, né til að krefja hinn tryggða um iðgjald.

IV. KAFLI

Almenn ákvæði.

11. gr.

Sjúkrasamlagi, sem samningur þessi tekur til, er rétt að leita upplýsinga um tryggðan mann frá öðru samlagi, sem samningurinn nær til. Slíkra upplýsinga má ekki synja, nema lög banni.

Hafi hinn tryggði fengið sjúkrahúsvist eftir ákvæðum III. kafla, skal sjúkrasamlagið, þegar bótum er lokið, senda sjúkrasamlagi því, sem hlutaðeigandi er tryggður í, tilkynningu um veitta sjúkrahjálpar.

12. gr.

7

Ágreiningur um framkvæmd ákvæðanna í samningi þessum úrskurða þau stjórnarvöld, sem úrskurð eiga slíkra mála, samkvæmt lögum þess lands, sem hinn tryggði flyzt til eða á dvöl í um stundarsakir. 21. jan.

Tilkynning um úrskurði aðal-stjórnarvaldanna, skal send hliðstæðu stjórnarvaldi í hinu landinu.

13. gr.

Nánari fyrirmæli, sem þörf kann að krefja, vegna framkvæmdar samnings þessa, setja á Íslandi Tryggingastofnun ríkisins, í *Danmörku* „Sygekassenævnet“, í *Noregi* „Rikstrygdeverket“ og í *Svíþjóð* „Riksförsäkringsanstalten“, með samráðum sín á milli og við sambönd sjúkrasamlaganna.

14. gr.

Samningurinn gengur í gildi hinn 1. janúar 1957.

15. gr.

Óski einhver samningslandanna að segja upp samningnum, skal skrifleg tilkynning um það send dönsku ríkisstjórninni, sem þegar skal skýra hinum samningslöndunum frá henni og því, hvaða dag tilkynningin barst.

Uppsögnin gildir aðeins fyrir það land, sem hefur framkvæmt hana, og gildir frá þeim 1. janúar, sem verður fullum sex mánuðum eftir að danska ríkisstjórnin fékk tilkynninguna í hendur.

Þó að samningnum sé sagt upp, haldast þau réttindi, sem menn hafa öðlazzt samkvæmt honum.

16. gr.

Þegar samningur þessi öðlast gildi, fellur niður samningurinn frá 20. júlí 1953, með viðaukasamningi frá 30. desember 1954, milli *Íslands, Danmerkur, Noregs og Svíþjóðar*, um flutning milli sjúkrasamlaga og um sjúkrahjálp vegna dvalar um stundarsakir.

Samningurinn skal geymdur í skjalasafni danska utanríkisráðuneytisins og skal það ráðuneyti senda ríkisstjórnnum hinna samningslandanna, hverri um sig, staðfest endurrit hans.

Þessu til staðfestu hafa umboðsmenn hvers ríkis fyrir sig undirritað samning þennan.

Gert í Kaupmannahöfn í einu eintaki á íslenzku, dönsku, norsku og sænsku hinn 19. desember 1956.

Sigurður Nordal.

(L. S.)